

**Nd.**

**773. Frumvarp**

til laga um aðflutningsgjald af kolum.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Landsstjórninni er heimilt að halda áfram einkasölu á kolum til 1. júl 1920, en frá þeim tíma, er einkasala hættir, skal greiða 20 kr. gjald í rikissjóð af hverri smálest kola, sem flutt er til landsins. Brot úr smálest, er nemur helmingi eða meiru, telst heil smálest, en minna broti skal slept.

2. gr.

Um innheimtu gjalds þessa, reikningsskil, viðurlög við röngum skýrslum og annað, er lýtur að gjaldi þessu, fer eftir ákvæðum vörutollslaganna.

3. gr.

Lög þessi falla úr gildi við næstu áramót eftir það, að unninn er upp halli sá, er stafar af kolakaupum landsstjórnar vegna styrjaldarinnar.

Meðan gjald það er greitt, sem ræðir um í 1. gr., fellur niður vörutollur sá, sem nú er á kolum.

**Greinargerð.**

Nefndin flytur frv. þetta eftir tilmælum landsstjórnarinnar, og er þess vænst, að hún gefi hv. deild frekari skýringar en felast í frv., ef hún telur þess þurfa. Einkasöluheimildin er bundin við 1. júlí næstkomandi, þó þannig, að stjórninni er heimilt að hætta einkasölu fyr, ef henni þykir það hentara eða rjettara. Að öðru leyti er frv. þetta sniðið eftir lögum þeim um aðflutningsgjald af salti, sem afgreidd voru frá Alþingi 8. ág. þ. á.